

Aðalfundargerð Félags landeigenda í Vaðnesi

Haldinn í fundasal Eignaumsjónar, Suðurlandsbraut 30
Þriðjudaginn 31. maí 2021 kl. 17:00

1. Fundur settur. Val á fundarstjóra og fundarritara

Þórunn Reynisdóttir, formaður félagsins setti fundinn og tilnefndi Pál Þór Ármann frá Eignaumsjón sem fundarstjóri og fundarritara og var það samþykkt. Fram kom að Páll hefur ekki annarra hagsmuna að gæta en að fundurinn fari fram í samræmi við boðaða dagskrá.

Engar athugasemdir voru gerðar við boðun fundarins sem var boðaður í samræmi við núgildandi samþykktir félagsins og fundurinn því lögmætur. Fundarboðið er í fskj. 1.1. Mætingarlisti var látinn ganga til undirritunar viðstaddra, sjá fskj. 1.2. Fulltrúar 30 eigna voru mættir.

1 umboð barst, sjá fskj. 1.3.

2. Skýrsla stjórnar

Þórunn, formaður fór yfir síðastliðnu tvö ár sem voru býsna stormasöm en verið var að ná utan um reksturinn á COVID-tímum. Tekin var ákvörðun að færa innheimtu og bókhald til Eignaumsjónar og koma á reglulegri innheimtu.

Fram kom að endurnýjun á skilti við veginn hefru verið í vinnslu, hefur dregist en er á döfinni.

Fomraður benti á að eftir er að gera upp við Landsambandið vegna ársins 2021 og er því ekki inni í ársreikningi vegna ársins.

3. Framlagning ársreiknings 2021

Fundarstjóri lagði fram og fór yfir ársreikning félagsins árið 2021. Niðurstaða ársins er jákvæð að upphæð kr. 1.428.658,- og eigið fé félagsins þann 31.12.2021 er kr. 2.596.904,-. Sjá fskj. 3.1.

4. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning

Bent var á að ekki er tekið tillit til ógreiddra gjalda til Landssambandsins vegna árgjalda þar sem nákvæm fjárhæð liggur ekki fyrir um iðgjald og var bent á mikilvægi þess að innheimta fyrst og síðan greiða til Landssambandsins.

Bent var á að ekki er eignfærður lóðarreitur í ársreikningi eins og áður og þarf að færa inn líkt og í ársreikningi 2020.

Spurt er um hvað margir eru í þessu félagi og því svarð að 187 er hér en hversu margir eru í götufélögum liggur ekki fyrir.

Fram kom að fjölmargir vilja sem sagt vera eingöngu í þessum götufélögum en ekki í þessu regnhlífarfélagi sem hugsar um sameiginlega svæðið í heild sinni.

Söguleg skýring kom fram um að í upphafi fengu aðilar bara landið og þurftu þá að leggja vegi og þess háttar. Bent var á að félagið í heild sinni þyrfti t.d. að berjast fyrir köldu vatni sem uppfyllir staðla.

Eftir frekari umræður var ársreikningurinn samþykktur samhljóða.

5. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar liggja fyrir fundinum.

6. Skýrslur nefnda

Engar skýrslur nefnda liggja fyrir en eftir umræður kom fram tillaga um að setja á fót laganefnd til að yfirfara lög félagsins. Bent á að slík nefnd myndi fá ráðleggingar frá Landssambandinu.

Fram kom að Hvítárbraut og Borgarhólsbraut eru að vinna að því að stofna veganefnd og er fyrirhugaður fundur á næstunni.

7. Ákvörðun um árgjald

Árgjald var kr. 5.000,- og var lögð fram tillaga um að hækka gjaldið í kr. 10.000,-.

Áhugi er að því að fara í göngustígagerð, laga merkingar o.fl. Rætt um sjoðasöfnun en fyrir liggur þessi tillaga stjórnar. Spurt um hvort það sé ástæða að hækka gjaldið þegar eigið fé hefur vaxið og kallað eftir þeim tillögum um hvað liggur fyrir að gera varðandi göngustíga og annað áður en gjaldið verði hækkað. Í framhladinu var mikil umræða um göngustíga og einnig um skipulagsmál og að koma því í ferli.

Eftir frekari umræður var tillaga stjórnar um árgjald kr. 10.000,- lögð fyrir fundinn og samþykkt með 19 atkvæðum gegn 3.

8. Kosning formanns

Þórunn Reynisdóttir var tilnefnd og bauð sig fram sem formaður og var kjörin samhljóða.

9. Kosning meðstjórnenda

Eftirtaldir buðu sig fram og voru tilnefndir sem meðstjórnendur:

Gunnar Valur Valsson

Páll Helgi Möller

Jón Rafn Valdimarsson

Atli Björgvinsson

Voru þeir kjörnir samhljóða.

10. Kosning endurskoðenda

Elín Rósa Guðmundsdóttir var tilnefnd félagskjörinn skoðunarmaður og var kjörin samhljóða.

11. Önnur mál

- Horft er til þess að halda sameiginlega hátíð í sumar. Bent á að hafa stærri hátíð frekar þegar stórafmæli er. Hugmynd að kalla saman hitting og kom fram að svæði hefur verið boðið undir slíkt.
Rætt um mikilvægi þess að koma á góðu skipulagi. Málin virðast vera svolítið eins og villta vestrið. Spurning hvort það þyrfti ekki að koma á sameiginlegu deiliskipulagi fyrir svæðið Vaðnesið og jafnvel Snæfoksstaði líka. Rætt um þetta í heild sinni og mikilvægt að skilgreina deiliskipulag. Bent var á að Snæfoksstaðir eru aðeins öðruvísi enda í formi leigulóða meðan að í Vaðnesi er um eignarlóðir að ræða. Var þessu vísað til stjórnar að skoða frekar.
- Spurt var um hvor sveitarfélagið hafi ekki verið í neinu sambandi vegna flóðahættu. Það gætu um 30 bústaðir vera í svæði sem gæti fallið undir slík svæði. Sérstaklega rætt um Hvítárbraut í þessu sambandi. Fram kom ábending til stjórnar að kanna hjá sveitarfélaginu þessi mál. Aðili hefur m.a. rætt við Náttúruverndarsjóð. Veðurstofan skilgreinir þekkt flóðasvæði og bannað að veita byggingarleyfi þar. Spurning hvort verði sett nefnd í að skoða þetta mál sérstaklega, Flóðanefnd. Það þarf að taka á þessu máli gagnvart meðal annars sveitarfélaginu.
- Tekin umræðan um kaldavatnið sem bent var á fyrr á fundinum.

- d) Spurt út í hvort ekki hafi verið tekinn sameiginlegur snjómokstur. Fram kom þetta er á ábyrgð götufélaganna en spurning um nánara samstarf.
- e) Spurt út í rétt félagsmanna um aðgang og umferðarrétt að sameiginlegum lóðarskika í eigu félagsins. Í dag virðist aðgangur vera bundinn við einn dag. Óskaði Ingi Freyr, í umboði eiganda eftir að eigandinn hefði óheftan aðgang og umferðarrétt að þessum sameiginlega lóðarskika. Fram kom að hlið er með takmörkuðum númerafjölda þannig að fjöldinn sem hægt er skrá með aðgang er ekki óendnægur. Vonast er þó til að ný tækni leysir þetta með fjölgun númer en verið er að vinna að því að setja upp nýjan hugbúnað fyrir umrætt hlið fyrir haustið og ættu þá eigendur að geta fengið aðgang. Var vísað til stjórnar að skoða frekar t.d. með einhvers konar fyrirkomulagi.
- f) Að lokum var fráfaramandi stjórn þökkuð vel unnin störf með lófataki.

12. Frágangur fundargerðar staðfestur, fundi slitið

Staðfest var að fundargerð verður frágengin af fundarstjóra/ritara ásamt stjórn. Fundi slitið kl. 18:35.

Páll Þór Ármann, fundarstjóri og ritari

Þórunn Reynisdóttir, formaður